

Kemi ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík

Reykjavík, 16. september 2024
UST202405-124/K.S.G.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits - Plöntuverndarvörur á markaði 2024 - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 11.9.2024 um niðurstöðu eftirlits þar sem eru gerðar kröfur um úrbætur á plöntuverndarvörum á markaði sem fyrirtækið Kemi ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar eru ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með plöntuverndarvörum sem féllu undir umfang eftirlitsverkefnisins og á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Kemi ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 20.800.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 591-2000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>